

# Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 02/2013.

---

Reykjavík, 17.01.2013

2013010241

## Efni:

Ísland verslun hf. hefur, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, tekið úr sölu og innkallað matvöruna Iceland 4 beef quarter pounders þar sem leifar af hrossakjöti fundust í vörunni. Á merkingu vörunnar stendur 100% nautakjöt og er innihaldslýsing því röng.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin einskorðast við:

**Vörumerki:** Iceland

**Vöruheiti:** Iceland 4 beef quarter pounders

**Upprunaland:** Bretland

**Innflytjandi og dreifingaraðili:** Ísland verslun hf., Sundaborg 11, 104 Reykjavík

**Nettóþyngd:** 454 g.

**Lotunúmer:** PLU 21244

**Best fyrir:** 06.08.2013

**Dreifing:** Verslanir Iceland í Engihjalla 8, Kópavogi og að Fiskislóð 3, Reykjavík.

Viðskiptavinir sem keypt hafa Iceland 4 beef quarter pounders með best fyrir dagsetningu 06.08.2013 geta skilað vörunni í verslanir Iceland.

